

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. nóvember 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir. Forföll: Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

- Fundur með starfsmönnum svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins**
Íris Svavarsdóttir og Sveinn Sampsted eru starfsmenn á svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins, þau kynntu sig og þau verkefni sem þau hafa verið að vinna í, auk þess að eiga gott samtal við stjórnarmenn ÍBH um þær væntingar sem stjórn ÍBH gerir til þeirra.
- Lög AÍH**
Farið yfir bréf dagsett 21. október sl. frá ÍSÍ um breytingartillögur við lög Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar (AÍH), stjórn ÍBH staðfestir breytingartillögur ÍSÍ og lagði ekki frekari breytingar til.
- Aðildarumsókn að ÍBH frá Pílukastfélagi Hafnarfjarðar**
Félagið er stofnað 1998, endurstofnfundur var 2020. Formaður félagsins er Atli Már Erlingsson. Stjórn ÍBH samþykkir aðildarumsókn félagsins og samþykkir kr. 60.000 í inntökugjald.
- Ábendingar um frístundabílinn frá aðildarfélögum ÍBH**
Allir sem koma að stjórnun og rekstri aðildarfélaga ÍBH eru sammála um að frístundabílinn sé frábært framtak, en fólk vill einnig skoða hvað við getum gert betur til að bæta þjónustuna og líðan þeirra sem nota hana. Minnisatriði frá nokkrum aðildarfélögum ÍBH rædd og fundarmenn sammála um að funda frekar með bæjarfélaginu um málið.
- Nýtt fræðsluefni: Hinsegin börn og ungmenni í íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfi**
Um er að ræða þrjá bæklinga: Stöðvum fordóma og mismunun. Sýnilegur stuðningur. Aðstaða og mót. Mennta- og barnamálaráðuneytið og Samtökin '78 gefa bæklingana út. Sveinn Sampsted einn að höfundum efnis bæklinganna, fór yfir innihald bæklinganna og tilurð með stjórnarmönnum ÍBH. Skrifstofa ÍBH sendir bæklingana út til aðildarfélaga ÍBH rafrænt, en þeir eru bæði til ræfrænt og á prenti.

6. Önnur mál

- a). HM minnti stjórnarmenn ÍBH á Íþróttá- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar sem verður haldin föstudaginn 27. desember nk. í Íþróttahúsinu við Strandgötu.
- b). HM hélt áfram umræðum um heimasíðu ÍBH frá síðasta stjórnarfundum. Ákveðið að setja málið á dagskrá næsta stjórnarfundar.
- c). AÓ vill láta á það reyna að hefja samtál við Hafnarfjarðarbæ um að hækka aldursviðmið frístundastyrkja t.d. fyrir námsmenn upp að 25 ára aldri.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.